

**Fylgiskjal.****Skrá yfir þær framkvæmdir sem ætíð eru háðar umhverfismati,  
sbr. I. viðauka við tilskipun 85/337/EBE.**

1. Olfuhreinsunarstöðvar (þó ekki fyrirtæki sem framleiða eingöngu smurolíur úr hráolíu) og mannvirki fyrir kolagösun og þéttingu úr a.m.k. 500 tonnum af kolum eða jarðbiksleir á dag.
2. Varmaorkuver og önnur brennsluver með a.m.k. 300 megavatta hitaafköst og kjarnorkuver og aðrir kjarnakljúfar (nema rannsóknastöðvar með yfir 1 kílóvatts heildarhitaafköst þar sem fram fer umbreyting á kjarnakleyfum efnunum og tímgunarefnum).
3. Mannvirki eingöngu ætluð til langtímageymslu eða endanlegrar geymslu á geisla-virkum úrgangi.
4. Verksmiðjur með blandaða framleiðslu þar sem fram fer frumbræðsla á steypujárni og stáli.
5. Mannvirki fyrir asbestnám og vinnslu og úrvinnslu á asbesti og afurðum sem innihalda asbest: fyrir afurðir úr asbestsementi með ársframleiðslu sem er yfir 20.000 tonn af fullunnum vörum, fyrir núningspólin efni með ársframleiðslu sem er yfir 50 tonn af fullunnum vörum og fyrir aðra notkun asbests ef notkun er meiri en sem nemur 200 tonnum á ári.
6. Efnaverksmiðjur með blandaða framleiðslu.
7. Lagning vega, hraðbrauta<sup>1</sup> og langra járnbrauta, svo og flugvalla<sup>2</sup> með 2.100 m langa meginflugbraut eða lengri.
8. Viðskiptahafnir, skipgengar vatnaleiðir og innhafnir sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um.
9. Förgunarstöðvar þar sem eitruður og hættulegur úrgangur er brenndur, hlýtur efna-meðhöndlun eða er urðuður.

<sup>1</sup> Í þessari tilskipun merkir „hraðbraut“: hraðbraut samkvæmt skilgreiningu í Evrópusamningnum um aðalumferðaræðar milli landa frá 15. nóvember 1975.

<sup>2</sup> Í þessari tilskipun merkir „flugvöllur“: flugvelli samkvæmt skilgreiningunni í Chicago-samþykktinni frá 1944 um stofnun Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (14. viðauki).

**LÖG****um breytingu á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit,  
nr. 81/1988, með síðari breytingum.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 4. gr. laganna kemur ný grein sem verður 4. gr. a, svohljóðandi:

- 4.1. Eftirlit á varnarsvæðunum skal vera í samræmi við lög þessi. Utanríkisráðherra, sbr. lög nr. 106/1954, skal semja um framkvæmd þessa eftirlits við heilbrigðiseftirlit Suðurnesja.

- 4.2. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja skal hafa eftirlit með eftirlitsskyldri starfsemi á varnarsvæðunum, sbr. 7.–8. og 12.–17. tölul. 2. gr. og 3. gr. Heimilt er að innheimta gjald af þessari eftirlitsskyldu starfsemi til að standa straum af kostnaði vegna samningsins við heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, sbr. 1. mgr. Gjaldið er innheimt samkvæmt sérstökum samningi eða samkvæmt gjaldskrá sem utanríkisráðherra setur að höfðu samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra vegna 2. gr. og umhverfisráðherra vegna 3. gr. Gjaldskrána skal birta í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld samkvæmt þessari grein má innheimta með aðför.
- 4.3. Rísi ágreiningur um framkvæmd heilbrigðiseftirlits á varnarsvæðunum gilda ákvæði laganna eftir því sem við á.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993.

*Gjört í Reykjavík, 21. maí 1993.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Sighvatur Björgvinsson.*

Nr. 65

18. maí 1993

## LÖG

### um framkvæmd útboða.

#### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

#### Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi gilda þegar útboði er beitt til þess að koma á viðskiptum milli tveggja eða fleiri aðila um verk, vöru eða þjónustu. Lög þessi gilda þó ekki fyrir útboð á fjármagns- og verðbréfamarkaði.

#### Orðskýringar.

2. gr.

*Útboð:* Þar sem kaupandi leitar skriflegra, bindandi tilboða í það verk, vöru eða þjónustu sem verið er að bjóða út. Tilboðanna er aflað frá fleiri en einum aðila, samkvæmt sömu upplýsingum og innan sama frests.

*Almennt útboð:* Útboð þar sem ótilteknum fjölda er með auglýsingu gefinn kostur á að gera tilboð.

*Lokað útboð:* Útboð þar sem tilteknum aðilum er einum gefinn kostur á að gera tilboð.

*Kaupandi:* Með kaupanda er í þessum lögum átt við þann sem er kaupandi þess verks, vöru eða þjónustu sem boðin er út.